# AUGLÝSING

## um umferð í Borgarnesi.

Innan takmarka Borgarness er leyfður hámarkshraði 45 km., skv. auglýsingu dómsmálaráðuneytisins birtri í 42. tbl. Lögbirtingablaðsins 17. júlí 1968.

*Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 12. ágúst 1968.*

F. h. s.

**Þorvaldur G. Einarsson**, ftr.

20. maí 1968. Nr. 188.

# AUGLÝSING

## um umferð á Seyðisfirði.

Eftir tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968:

1. **Aðalbrautarréttur:**
   - a. Austurvegur frá Fjarðarárbrú að vegamótum hans og nýs vegar frá Austurvegi 32 að Hafnargötu, svo og sá nýi vegur.
   - b. Ránargata frá Fjarðarárbrú að Vestdalseyrarvegi.
   - c. Bjólfsgata frá Öldugötu að Ránargötu.
   - d. Brekkuvegur gagnvart umferð Miðtúns og Baugsvegar.

   Aðalbrautir njóta þeirra forréttinda, að umferð bifreiða og annarra ökutækja frá vegum, sem að þeim liggja, skal skilyrðislaust víkja fyrir umferð aðalbrautar, eða staðnæmast, áður en beygt er inn á aðalbraut, ef þess gerist þörf.

2. **Einstefnuakstur:**

Á Norðurgötu til suðurs frá Bjólfsgötu að syðri lóðamörkum hússins nr. 3 við Norðurgötu.

*Bæjarfógetinn á Seyðisfirði, 20. maí 1968.*

**Erlendur Björnsson.**

Nr. 189

# REIKNINGUR

## Minningarsjóðs Gunnars Jakobsen 1967.

Tekjur:

1. Yfirfært frá fyrra ári:

| | | |
|---|---|---|
| a. Söfnunarsjóðsbók nr. 421 | kr. 21 463.42 | |
| b. — — 572 | — 9 469.81 | |
| | | kr. 30 933.23 |

2. Vextir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Af Söfnunarsjóðsbók nr. 421 | kr. 2 097.17 | | |
| b. — — — 572 | — 876.14 | | |
| | | kr. 2 973.31 | |
| | | Kr. 33 906.54 | |

Gjöld:

1. Yfirfært til næsta árs:

| | | |
|---|---|---|
| a. Söfnunarsjóðsbók nr. 421 | kr. 22 544.59 | |
| b. — — 572 | — 11 361 95 | |
| | | kr. 33 906.54 |
| | | Kr. 33 906.54 |

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1967, fyrir Minningarsjóð Gunnars Jakobsen, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt, að bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 10. maí 1968.

**Ragnar Á. Magnússon,**
löggiltur endurskoðandi.

Nr. 190.

# REIKNINGUR

## Áhaldasjóðs Barnaspítalasjóðs Hringsins 1967.

Tekjur:

| | |
|---|---|
| 1. Yfirfært frá fyrra ári: | |
| Landsbankabók nr. 5797 | kr. 152 211.12 |
| 2. Vextir: | |
| Af Landsbankabók nr. 5797 | — 13 698.99 |
| | Kr. 165 910.11 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| 1. Afhent Barnaspítalasjóð Hringsins til áhaldakaupa | kr. 106 000.00 |
| 2. Yfirfært til næsta árs: | |
| Landsbankabók nr. 5797 | — 59 910.11 |
| | Kr. 165 910.11 |

Framanskráðan tekju- og gjaldareikning ársins 1967, fyrir Áhaldasjóð Barnaspítalasjóð Hringsins, hef ég endurskoðað.

Ég hef sannreynt að bankainnstæða er fyrir hendi.

Reykjavík, 10. maí 1968.

**Ragnar Á. Magnússon,**
löggiltur endurskoðandi.